



*Hofsós – Hólar - Sólgarðar*

# **Sjálfsmatsskýrsla**

## **2017-2018**

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður .....	3
Inngangur .....	4
Einkenni stofnunarinnar .....	5
Stefna og markmið .....	5
Framtíðarsýn.....	6
Stefna og leiðir .....	6
Nám og kennsla .....	6
Starfsumhverfi og líðan .....	7
Samskipti .....	7
Sjálfsmat.....	8
Framkvæmd matsins: .....	9
Þriggja ára áætlun 2018 - 2020 .....	11
Sjálfsmatsteymi .....	12
Verkefni sjálfsmatsteymis .....	12
Matið: .....	12
Niðurstöður mats .....	13
Tillögur um aðgerðir / aðgerðaáætlun .....	20
Skimun .....	24
Skólapúlsinn .....	25
Viðauki .....	37
Yfirlit yfir viðauka: .....	37
Viðauki I, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar? .....	38
Viðauki II - Matsblað: Lestur og skilningur.....	40
Viðauki III - Matsblað: Einstaklingsmiðun.....	42
Viðauki IV - Matsblað: Samfella á milli skólastiga .....	43
Viðauki V - Matsblað: Matstæki .....	44
Viðauki VI - Matsblað: Samstarf við heimilin.....	45
Viðauki VII - Matsblað: Tvítyngi og fjöltyngi.....	46
Viðauki VIII - Matsblað: Lestrarhvetjani umhverfi .....	48
Viðauki IX - Form fyrir þróunaráætlun.....	50

## Meginniðurstöður

Skólaárið 2017 - 2018 var ákveðið að þungi í sjálfsmati skólans þetta árið yrði eingöngu á að meta hvernig staða skólans væri gagnvart nýútkominni lestrarstefnu Skagafjarðar. Útbúnir voru gæðagreinar í upphafi vinnu nefndar sem hélt utan um gerð stefnunar og þeir metnir haust 2015. Nú þegar stefnan er komin út voru þessir gæðagreinar endurskoðaðir og aðlagðir að endanlegu útgáfunni. Metnir þættir voru í sjö þemum: Lestur og skilningur, einstaklingsmiðun, samfella á milli skólastiga, matstæki, samstarf við heimilin, tvítyngi og fjöltyngi og lestrarhvetjandi umhverfi.

Niðurstaða matsins var eftirfarandi:

### **Lestur og skilningur:**

Vegin heildareinkunn var á bilinu 5 - mjög gott til 6 - framúrskarandi

### **Einstaklingsmiðun**

Vegin heildareinkunn var á bilinu 4 - gott til 5 - mjög gott

### **Samfella milli skólastiga**

Vegin heildareinkunn var 5 - mjög gott

### **Matstæki**

Vegin heildareinkunn var 6 - framúrskarandi

### **Samstarf við heimilin**

Vegin heildareinkunn var á bilinu 4 - gott til 5 - mjög gott

### **Tvítyngi og fjöltyngi**

Vegin heildareinkunn var 4 - gott

### **Lestrarhvetjandi umhverfi**

Vegin heildareinkunn var 4 - gott

Eins og sjá má er staða skólans í heildin góð í þessum efnum. Helsu tækifæri til útbóta eru varðandi þjónustu við tvítyngda nemendur og að búa nemendum lestrarhvetjandi umhverfi.

Samkvæmt vinnubrögðum sjálfsmatskerfisins voru útbúnar tillögur til úrbóta sem koma fram í kafla skýrlunnar Tillögur um aðgerðir / aðgerðaráætlun.

## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Árið 1999 var skoskt hæðamatskerfi innleitt í Skagafirði. Þetta matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagafirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar í íslenskri þýðingu*. Fljótlega tóku allir grunnskólar í Skagafirði þetta matskerfi í notkun og hafa notað alla tíð síðan. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*.

Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi enn á ný þá útgáfu á vormisseri 2016 en nú var nafninu breytt og nefnist *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

## Einkenni stofnunarinnar

Grunnskólinn austan Vatna samanstendur af þremur Grunnskólum sem sameinaðir voru undir eina stjórn 1. ágúst 2007. Þeir eru Sólgarðaskóli, Grunnskólinn að Hólum og Grunnskólinn á Hofsósi. Upplýsingar í þessari skýrslu eru frá þessum þremur kennslustöðum Grunnskólans austan Vatna.

Í lok skóla vorið 2018 voru samtals 64 nemendur í skólanum. Skipting milli kennslustaða og bekkjardeilda var eftirfarandi:

### Á Hofsósi 39 nemendur í 3 bekkjardeildum:

1. - 4. bekkur	13 nemendur
5. - 7. bekkur	13 nemendur
8. - 10. bekkur	13 nemendur

### Á Hólum 18 nemendur í 2 bekkjardeildum:

1. - 4. bekkur	12 nemendur
5. - 7. bekkur	6 nemendur

### Á Sólgörðum 7 nemendur í 1 bekkjardeild:

4. - 7. bekkur	7 nemendur
----------------	------------

## Stefna og markmið

## **Framtíðarsýn**

Grunnskólinn austan Vatna fylgir eftir framtíðarsýn skólastefnu sveitarfélagsins en leggur sérstaka áherslu á gott samstarf við heimilin, grenndarsamfélagið og umhverfið. Skólinn vill auk þess skapa sér sérstöðu með öflugu nýsköpunar- og frumkvöðlanámi. Grunnskólinn austan Vatna vill að samfélagið og nemendur geti verið stolt af skólanum og umhverfi sínu.

## **Stefna og leiðir**

### **Nám og kennsla**

#### **Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:**

- að starfið mótist af metnaði, samfellu og hvatningu til sjálfstæðra verka, ábyrgðar og aukinnar víðsýni, svo hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, í samræmi við hæfileika, þroska og getu.
  - Einstaklingsáætlanir nemenda og einstaklingsnámskrár séu gerðar og nýttar þar sem við á
  - Kennnd sé námstækni sem hæfir yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi.
  - Í skólanum sé til þekking og mannaflí til að sinna öllum nemendum
  - Skólinn sjái til þess að hver og einn nemandi fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf
  - Skólinn nýti m.a. þá ráðgjöf sem stendur til boða frá skólaskrifstofu
  - Skólinn sjái til þess að hver og einn starfsmaður fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf, jafnt innan sem utan kennslustunda
- að nýta umhverfi okkar í kennslunni, söguna, náttúruna og sveitina.
  - Skólinn taki þátt í heimabyggðarverkefni skólanna í Skagafirði
  - Skólinn vinni að grenndarspili
  - Saga og sérkenni alls héraðsins sé nýtt til kennslu
  - Heimilisfræðikennsla fari að hluta fram í útielddhúsi
  - Lögð sé áhersla á göngu- og vettvangsferðir nemenda, að kynna fyrir þeim staðhætti, fornar sagnir og að leyfa þeim að upplifa ferðina á eigin forsendum
  - Útikennslustofa á Hólum sé nýtt og henni viðhaldið
  - Innsýn í starf fornleifafræðinga Hólarannsóknar sé fengin með vettvangsfræðslu / -ferðum og verkefnavinnu (Hólar)
- að í skólastarfi ríki fjölbreytni í markmiðum og vinnubrögðum. Við val á kennsluáðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og námsumhverfis.
  - Fjölbreyttir kennsluhættir
  - Gerð náms- og kennsluáætlana í hverri námsgrein samkvæmt samræmdu formi
  - Sérþekking starfsmanna og foreldra sé nýtt í kennslu
  - Leikræn tjáning og virk þátttaka í viðburðum
  - Markmiðasetning nemenda (Hofsós)
- að bjóða upp á náíð samstarf starfsstöðva á faglegum grunni er varðar kennslu og kennsluhætti
  - Reglulegir samráðsfundir kennara

- Öflug miðlun upplýsinga sem tekur á náms- og kennsluáætlunum, kennsluháttum og öðru faglegu starfi kennara
- Sameiginleg verkefni – þemadagar

### **Starfsumhverfi og líðan**

#### **Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:**

- að öllum líði vel á eigin forsendum og gagnkvæmt traust og virðing ríki milli manna.
  - Jákvæðir þættir verði gerðir sýnilegri hjá nemendum og kennurum
  - Hrósi sé beitt með markvissum hætti
  - Samræmdri lífsleikniáætlun skólanna þriggja með samfellu frá 1. til 10. bekk sé framfylgt
  - Kennarar og starfsfólk ræði málefni nemenda reglulega á starfsmannafundum
  - Nemendur og starfsfólk njóti hvatningar og viðurkenningar fyrir vel unnin störf.
  - Mótaðar verði heildstæðar samskiptareglur
- að skólinn og umhverfi hans skulu vera eins vel búin, örugg og hvetjandi til starfs og náms eins og best verður á kosið, svo skólastarfið geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel
  - Innra og ytra umhverfi skólans sé gert hlýlegt í samvinnu við nemendur
  - Vinna nemenda sé gerð sýnileg
  - Vinnuumhverfi sé aðlaðandi og húsnaði, búnaði og tækjakosti sé vel við haldið og endurnýjað eftir þörfum. Gott starfsumhverfi laðar að gott starfsfólk.
  - Skólinn geri flóttaleiðir sýnilegar og hafi brunaæfingar tvisvar á ári
- að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefur velferð nemenda að leiðarljósi
  - Endurmenntunaráætlun sé virk og gerð í samráði við kennara
  - Kennarar og annað starfsfólk sé hvatt til að afla sér frekari menntunar

### **Samskipti**

#### **Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:**

- að standa fyrir metnaðarfullu skólasamfélagi, í góðu og markvissu samstarfi við heimilin, sem einkennist af kurteisi, tillitsemi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrar eru hvattir til aukinnar þátttöku.
  - Virk og tíð samskipti við foreldra
  - Gott upplýsingaflæði sé tryggt með því að senda upplýsingar með bréfum og tölvupósti milli foreldra og skóla
  - Foreldrar séu fengnir inn í félags- og skólastarfið, t.d. með fræðslu eða verkefnavinnu með börnunum sínum
  - Foreldrar og skóli séu samstíga í því að ala börnin upp með „staðarstolt fyrir augum“

- Náms- og skólakynning í lok september
- Foreldrar séu meðvitaðir um heimanám nemenda
- Foreldrar finni sig ætíð velkomna í skólann og geti óhræddir sagt sínar skoðanir á skólastarfinu
- Dagur nemenda þar sem nemendur skipuleggja verkefni og kennslu fyrir foreldra (Hofsós)
- að kurteisi, tillitssemi og gagnkvæm virðing einkenni samskipti þeirra sem í skólanum eru við nám og störf. Virðing sé borin fyrir sjálfum sér, starfi sínu og umhverfi.
  - Skólareglur, viðmið og viðurlög séu skýr
  - Mótuð verði heildstæð lífsleikniáætlun
  - Virk umræða
  - Grenndarkennsla
  - Dyggðaþema (Hólar)
- að eiga góð samskipti við umhverfi og samfélag skólans
  - Áætlun um samstarf við aðra skóla sé skýr í skólanámskrá
  - Tengsl við atvinnulíf sé viðhaldið
  - Farið sé í vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu
  -

## Sjálfsmat

Grunnskólinn austan Vatna hefur um langt skeið nýtt sjálfsmatskerfi sem var þýtt úr skosku matskerfi, How good is our school. Upphaflega bar íslenska útgáfan nafnið Gæðagreinar en nafninu breytt í nýjustu þýðingu eins og fram kemur í inngangi. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar og að einhverju leit staðfærðar yfir á íslensku, fyrsta útgáfan 1999, önnur útgáfa 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Í sjálfsmatskerfinu Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu sem við köllum gæðageina í anda fyrri útgáfa. Lykilþættirnir eru:

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur



Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða mjög gott, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreinum þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreinum sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka I.

## **Framkvæmd matsins:**

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir á. Smám saman er svo meiningin að það bætist við nýjir þættir sem sérsniðnir eru að sérstöðu skólans og ástæða er að meta sérstaklega undir þessum þemum. Þriggja ára áætlun er birt hér síðar í skýrslunni.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreinum, annars vegar dæmi um gæðaviðmið og hins vegar dæmi um gagnlegar spurningar sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað. Til grundavallar mats þetta skólaár liggur einmitt sérsniðinn gæðagreinir sem unnin var frá grunni í samstarfi við samstarfsskóla í Skagafirði. Það er staða skólans miðað við nýja lestarstefnu Skagafjarðar.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu. Matsaðilar koma sér svo saman um eina

heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna. Þeir starfsmenn sem vinna matið vinna líka umbótaáætlanir sem gerir það að verkum að hver starfsmaður hefur bein áhrif á framþróun til að auka gæði skólastarfs.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. Skilgreining lykilþátta, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. Skilgreining viðmiða, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða framúrskarandi.  
*Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ráðgert er að koma á samvinnu skólanna í Skagafirð næsta skólaár með það að markmiði. Í því augnamiði fóru starfsmenn skólaskrifstofu Skagafjarðar og stjórnendur skólanna í kynnisferð til Skotlands og tóku þátt í þessháttar mati. Auk þess hafa starfsmenn skólaskrifstofu þýtt efni sem heldur utan um slíkt mat og nefnist í íslenskri þýðingu Skólaspegill.*
3. Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta, umsögn og einkunnagjöf
4. Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. Eftirfylgni umbóta.

## Þriggja ára áætlun 2018 - 2020

Áætlun um sjálfsmat kemur inn á flesta þætti skólastarfsins og spannar þrjú ár. Þessi áætlun endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur er endurskoðaður um það bil þriðja hvert ár. Þessi áætlun er núna í þróun miðað við nýjustu útgáfu sjálfsmatsins. Þannig er leitast við að meta alla þætti skólastarfs metnir yfir þriggja ára tímabil. Það er þó mikill sveigjanleiki í kerfinu svo nálgast má matið á mismunandi vegu en sjálfsmatsteymi skólans metur hvaða spurningar eða matsþætti eru teknir fyrir varðandi hvert þema hverju sinni.

Hér má sjá hvernig kaflaskipting Gæðagreinanna er raðað niður á annir sem segir til um hvenær unnið skal að hverjum og einum kafla í þriggja ára áætlun.

Skólaár	2018 - 2019	2019 - 2020	2020 - 2021
<b>Haustönn</b>			
	1.2 Forysta í skólastarfi	2.1 Nemendavernd	2.3 Nám, kennsla og námsmat
	3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	2.2 Skólanámskrá	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk
	Mat nemenda á skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi
		Skólapúlsinn foreldrar	Skólapúlsinn starfsmenn
	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk
<b>Vorönn</b>			
	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	2.4 Einstaklingsmiðun	1.3 Breytingastjórnun
	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
	2.7 Samstarf	2.6 Samfella í skólastarfi	1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla

Reynt er að hafa þriggja ára áætlun sveigjanlega að einhverju leiti til að koma við nýjum þáttum sem þörf er talin á að meta hverju sinni eins og lestarstefnan núna og því er áætlunin

endurskoðuð árlega. Rætt hefur verið í samstarfi skóla í Skagafirði að samræma að einhverju leiti milli grunnskólanna þriggja, þriggja ára áætlanir á grunnþemunum. Það væri til hagræðingar þar sem ráðgert er í samvinnu við skólaskrifstofu Skagafjarðar að staðfesta mat með Skólaspegli sem áður hefur verið minnst á.

### **Sjálfsmatsteymi**

Sjálfsmatsteymið skipa tveir starfsmenn skólans hverju sinni ásamt skólastjóra og er kosið í þá nefnd á sameiginlegum fundi starfsmanna í byrjun hvers starfsárs. Þennan vetur sátu í sjálfsmatsnefnd, Guðrún Helga Jónsdóttir og Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir. Jóhann Bjarnason, skólastjóri hefur yfirumsjón með sjálfsmatinu. Helga Harðardóttir, starfsmaður skólaskrifstofu er sérlegur ráðgjafi teymisins og kemur að mati og úrvinnslu þegar þurfa þykir. Helga tók þátt í þýðingu og endurskoðun efnisins og er skólunum til ráðgjafar og aðstoðar.

### **Verkefni sjálfsmatsteymis**

Meðal verkefna sjálfsmatsteymis er að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmat fer fram. Velja þemu og spurningar sem eru lagðir fyrir. Halda áfram þóun mats til að tryggja að það sé að endurspegla starf og sérstöðu skólans. Finna leiðir til þátttöku nemenda í mati og vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs.

### **Matið:**

Sem fyrr segir var til mats þetta skólaár hvernig skólinn uppfyllir nýútkomna læsisstefnu Skagafjarðar. Skólaárin 2016 - 2017 var unnið að læsisstefnu Skagafjarðar. Í kjölfar *Hvítbókar* menntamálaráðherra og *Þjóðarsáttmála um læsi* var ákveðið að taka höndum saman og vinna að sameiginlegri læsisstefnu leik- og grunnskóla í Skagafirði auk aðkomu Tónlistarskóla Skagafjarðar. Verkefnið var því unnið í samvinnu allra skólanna. Myndað var svokallað læsisráð með fulltrúum úr hverjum skóla sem annaðist umsýslu og verkstjórn yfir verkefninu, í því sátu einnig fulltrúar frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir deildarstjóri stuðningskennslu við Grunnskólann austan Vatna var verkefnastjóri læsisráðs. Fulltrúar í læsisráði frá hverjum skóla voru í forsvari fyrir verkefninu á hverjum stað og myndað var læsisteymi í hverjum skóla. Í upphafi verkefnisins voru sett fram gæðaviðmið og búnir til átta gæðagreinar um hvern þátt læsisstefnunnar. Þættirnir voru eftirfarandi:

- Markmið og leiðir

- Samstarf við heimilin
- Samfella á milli skólastiga
- Lestrarhvetjandi umhverfi
- Einstaklingsmiðun.
- Tvítyngi og fjöltyngi.
- Skimanir
- Verklag

Gæðagreinarnir voru lagðir fyrir til mats og umbóta í hverjum skóla. Búið er að uppfæra gæðaviðmiðin í takt við þróun verkefnisins og má sjá gæðagreinana sem voru til mats að þessu sinni í viðauka. Þeir eru eftirfarandi:

- Lestur og skilningur
- Einstaklingsmiðun
- Samfella á milli skólastiga
- Matstæki
- Samstarf við heimilin
- Tvítyngi og fjöltyngi
- Lestrarhvetjandi umhverfi

Á starfsdögum komu allir starfmenn skólans að vinnu við matið. Hópnum var skipt niður í sex þriggja til fjögurra manna hópa sem hver um sig fengu tvö til þrjú þemu til mats.

Sem fyrr segir er notaður er sex þrepa skali til að finna vegna heildareinkunn fyrir hvern þátt. Skalin er eftirfarandi:

6	<i>Framúrskarandi</i>	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	<i>Mjög gott</i>	Afar sterkur þáttur
4	<i>Gott</i>	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	<i>Nægilegt</i>	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	<i>Slakt</i>	Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	Afar slakur þáttur sem þarfnast tafarlausra úrbóta

### **Niðurstöður mats**

#### **Lestur og skilningur:**

*Vegin heildareinkunn var á bilinu 5 - mjög gott til 6 - framúrskarandi*

Helstu styrkleikar sem komu fram í matinu voru að skólastarf hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum varðandi það hversu markvisst er unnið með lestur. Lestrarstefna er komin út, daglegur lestur í skóla og heima, yndislestur, upplestrarkeppni og reglulegar skimanir. Farið er eftir ákveðnum viðmiðum varðandi skimanir í lestri og gripið inn í með stuðningi þegar við á. Stuðningur er mikill miðað við nemendafjölda. Skipulagning af hálfu deildarstjóra sérkennslu er mjög góð og eftirfylgni líka. Lestur er alls staðar í brennidepli í skólastarfinu, yndislestur á hverjum degi, Nemendur elska lestur! Sem sést m.a. á því að það er mörg hundruð prósent aukning á útlánum á bókasafninu og nemendur safna pening á tombólu til að efla skólabókasafnið.

Það sem helst var tiltekið að mætti bæta var að auka fjölbreytni í ritunarverkefnum, opna meira á aðgang að Voice Dream upplestrarforriti fyrir þá sem á þurfa að halda og halda áfram að bæta aðgang að fjölbreyttu lesefni. Einnig kom fram að byrjendalæsi hefur dalað á Hofsósi í vetur af því að það var enginn 1. bekkur. Enn mætti hafa í huga að beita mismunandi lestraraðferðum og auka hlustun á yngsta stigi.

Á matsblöðum kom einnig fram að mikilvægustu þættirnir eru að halda áfram að vinna eftir byrjendalæsi eins og áður (með því kemur markviss málörvun betur inn).

Engar athugasemdir um matsblað komu fram né tillögur um viðbót.

## **Einstaklingsmiðun**

*Vegin heildareinkunn var á bilinu 4 - gott til 5 - mjög gott*

Styrkleikar sem komu fram í matinu eru að skólinn er fámennur og að við þekkjum nemendur okkar vel. Skimanir eru lagðar fyrir reglulega og fylgt eftir. Í skólanum er fjölbreytt lestraefni og starfsfólk er almennt meðvitað um að hvetja nemendur og styðja við val á lestrarefni við hæfi. Í almennri bekkjarkennslu er ekki aðgreining. En nemendur með sértæka námsörðugleika fá sér stuðning utan hópsins eftir þörfum. Þeir hafa oftast val um að fá stuðninginn inn í tíma eða utan. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám á öllum aldurstigum. Jafnan er leitað ráðgjafar strax og grunur vaknar um mál- eða lestrarerfiðleika hjá sérfræðingum s.s. sérkennara og talkennara. Með því að leita ráðgjafar hjá sérfræðingum og vinna skv. þeirra ráðum er reynt

að koma í veg fyrir að áhættuþættir þróist út í alvarlegri vanda. Sérkennari aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa og þjálfunaráætlana þegar þörf er á. Kennarar og stuðningsfulltrúar sjá um að fylgja þessu eftir. Síðan eru fundir reglulega með forráðamönnum og hlutaðeigandi starfsfólki þar sem árangur er metinn og áætlun endurskoðuð. Lagðar eru fyrir skimanir og kannanir reglulega, alla vega einu sinni á önn. Við teljum að lögð sé áhersla á að efla og byggja á styrkleikum hvers og eins s.s. upplestur, virk hlustun, sögugerð, leikræn tjáning, söngur.

Það sem helst þarf að bæta er að skólahúsnæðið er ekki búið undir að taka á móti einstaklingi með líkamlegar sérþarfir. Deildarstjóri sérkennslu er að sinna of viðamiklu starfi og þarf sérkennara til að vinna með sér til að geta sinnt öllum. Stoðþjónusta er af skornum skammti, þ.e. þyrftu að koma oftar s.s. talmeinafræðingur, sálfræðingur og þroskaþjálfari. Það þyrfti að geta átt sér stað meira samtal á milli kennara og líka á milli kennara og nemanda til að geta bæði sinnt einstaklingsmiðun betur og vinna með styrkleika hvers og eins. Gera ætti þjálfunaráætlanir strax fyrir þá nemendur í 1. bekk sem hafa slaka færni í einhverjum þáttum á Hljóm prófinu (þjálfunaráætlunin byggir þá á upplýsingum úr leikskóla).

Í matsgögnum kemur einnig fram að mikilvægast er að hlúð sé að hverjum og einum og þá ekki síst þeim nemendum standa sig vel í námi. Það þarf að sinna líka því starfsfólki sem er að sinna nemendum, gefa þeim tíma til að sinna vinnunni sinni vel, tíma og aðstæður og ekki síður í launakjörum. Ef vel á að vera þá þyrftu allir nemendur að hafa einstaklingsnámskrá þannig að allir fái nám við hæfi.

Engar athugasemdir um matsblað komu fram né tillögur um viðbót.

### **Samfella milli skólastiga**

*Vegin heildareinkunn var 5 - mjög gott*

Til styrkleika var talin smæð samfélagsins og að samskipti milli skólastiga eru auðveld. Jafnframt er góð lestrarstefna sem allir eru að vinna eftir. Fundir eru haldnir með leikskóla að vori/hausti þar sem upplýsingum um niðurstöður skimana og almennt námsgengi í leikskóla er miðlað til starfsmanna grunnskólans sem þess þurfa. Ef á þarf að halda er haldinn fundur með námsráðgjafa í FNV þar sem upplýsingum um nemendur er miðlað. Foreldrar nemenda í 10.

Þekk gefst kostur á að undirrita leyfisbréf þar sem skólanum er heimilað að veita þessar upplýsingar. Nemendur úr grunnskólanum (á miðstigi) sjá um að lesa fyrir nemendur í leikskóla. Kennarar úr leikskóla fylgja skólahóp í grunnskólavíkunni ef um stóran hóp nemenda er að ræða.

Af því sem þarf að bæta kom fram að byggja ætti leikskóla við grunnskólann á Hofsósi. Miðla mætti upplýsingum um námsgengi allra nemenda til þeirra framhaldsskóla sem um ræðir (ekki aðeins FNV). Gera ætti þjálfunaráætlanir strax fyrir þá nemendur sem hafa slaka færni í einhverjum þáttum á Hljóm prófinu (þjálfunaráætlunin byggir þá á upplýsingum úr leikskóla). Auka mætti kennaraheimsóknir á milli leik- og grunnskóla, bæði til að kennarar geti kynnt sér starfið á hinu skólastiginu, til að kynnst tilvonandi nemendum og til að halda tengslum við fyrrverandi nemendur. Það þarf að vera skýrt að foreldrar bera ábyrgð á að koma niðurstöðum lestrargreininga til námsráðgjafa í framhaldsskólanum - athuga þarf hvort þessar upplýsingar séu á leyfisbréfi.

Tekið var fram að mikilvægur þáttur væri gott skipulag og samstarf sem lestrarstefnan er grunnurinn að.

## **Matstæki**

*Vegin heildareinkunn var 6 - framúrskarandi*

Sterkar hliðar skólans eru að það er farið eftir lestrarstefnunni út í æsar og alltaf og alls staðar brugðist markvisst við þegar nemendur ná ekki viðmiðum. Gerðar einstaklingsáætlanir og unnið markvisst eftir þeim.

Það sem helst má bæta er að hægt væri að vinna markvissar með niðurstöður skimana hjá þeim sem falla innan viðmiða, hvernig má mæta þeim nemendum til aukins árangurs. Sömuleiðis var tiltekið að vinna ætti með niðurstöður skimana hjá þeim sem gengur betur eða eru yfir viðmiðum og gera markvissar áætlanir um framfarir.

## **Samstarf við heimilin**

*Vegin heildareinkunn var á bilinu 4 - gott til 5 - mjög gott*



Í sterkum hliðum skólans kom fram að upplýsingaflæði til foreldra er gott. Nemendur eiga að lesa upphátt heima fyrir foreldra sína og foreldrar eru upplýstir um þjálfunaráætlanir og þeirra hlutverk í þjálfuninni. Á skólasetningu er hvatt til lestrar og eins hefur verið fjallað um mikilvægi lestrar í foreldrafundum, á haustsamverum og í foreldraviðtölum. Lestrarstefnan fer inn á öll heimili. Fundað er með foreldrum nemenda sem eru að hefja nám við skólann til að fá þær upplýsingar sem þarf um námsframvindu og málþróun. Yndislestur er á stundatöflu allra nemenda skólans. Foreldrar fá línurit með yfirliti yfir leshraða barna sinna þrisvar á ári. Niðurstöðum úr öðrum skimunarprófum eins og Orðarún og Aston Index er miðlað til foreldra, ýmist á vitnisburðablaði eða í foreldraviðtölum.

Í því sem þar að bæta var bent á að við leggjum áherslu á að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna en fylgjum því ekki eftir að foreldrar bera ábyrgð á lestrarnáminu og tökum því ábyrgðina á okkur. Það er mikilvægt að foreldrar átti sig á að námið fer fram í skólanum en þjálfunin heima. Við þurfum að hvetja alla nemendur að lesa heima, líka unglunga og fylgja því eftir. Það mætti bjóða upp á fræðslu eða lestrarnámskeið fyrir foreldra þar sem þeir læra aðferðir um hvernig er best að þjálfa börnin í lestri, lesskilningi, örva málþroska og efla orðaforða. Það væri til dæmis hægt að bjóða upp á þrjá fundi yfir veturinn með mismunandi áherslum hverju sinni (orðaforði, lesa fyrir börn, lestrarþjálfun). Mikilvægt er að upplýsa foreldra reglulega um það sem verið er að æfa í skólanum hverju sinni, t.d. Stóru upplestrarkeppnina, upplestur á samkomum skólans, hlutverk í leikritum o.s.frv.

Bæta við heimalestri og kvittunum þar af lútandi á unglingastig, gæti þó verið með öðrum hætti en á yngri stigum, t.d. að nemendur og foreldrar lesi sömu bókina og ræði sín á milli innihald hennar. Minna mætti foreldra oftast á að lesa fyrir börnin sín, t.d. með því að mæla með ákveðnum bókum sem foreldrar gætu lesið fyrir börnin. Það væri líka hægt að setja það sem heimanám að foreldrar lesi ákveðna bók fyrir börnin, t.d. eina til tvær bækur á önn. Senda þarf rökstuðning með verkefninu heim til að foreldrar viti hvers vegna þetta er mikilvægur liður í læsisþróuninni. Gera mætti meira af því að lesa framhaldssögur fyrir nemendur á öllum stigum. Leggja þarf aukna áherslu á þjálfun og að efla áhuga hjá þeim sem gengur vel í lestri.

Í athugasemdum kemur fram að matshópur sleppti einum þætti þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort kennarar eru að fá upplýsingar frá foreldrum varðandi læsisþróun, málörvun og lestrarnám barna þeirra.

## **Tvítyngi og fjöltyngi**

*Vegin heildareinkunn var 4 - gott*

Í sterkum hliðum skólans kom fram að mikil virðing er borin fyrir öðru tungumáli tvítyngdra nemenda. Gengið er út frá því sem sjálfsögðum hlut og áhugi er jafnvel meðal nemenda um að læra tungumál viðkomandi. Við höfum aðgang að afar sterkum og samviskusömum nemanda sem nýta mætti og ætti til samstarfs, t.a.m á þann hátt að ræða við yngri nemendur á sínu tungumáli um bækur og þar með hvetja til lesturs á þeirra móðurmáli. Það eru góð samskipti milli foreldra og starfsfólks hvað varðar lestur og kennslu almennt. Það er vandað til skimana og þær eru gerðar reglulega. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir alla sem þess þurfa við.

Í þáttum sem þarf að bæta kom fram að auka mætti aðgengi að efni á erlendum tungumálum sem styðja tvítyngda nemendur t.d. fyrir yndislestur. Virðing fyrir uppruna og tungumáli tvítyngdra nemenda mætti vera sýnilegri, t.d. plaköt eða efni á veggjum, jafnvel kort af upprunalandi eða þvíúmlíkt. Tölur, algengir frasar og fleira ætti að samþætta markvisst annarri kennslu t.a.m stærðfræði, heimilisfræði o.s.frv. Gagnlegt og gaman væri að halda þemadag tileinkaðan tungumálum ekki síst tungumál sem nemendur í skólanum tengjast. Það mætti virkja og nýta tengsl við aðila t.d. foreldra og tengiliði. Það þarf að huga að móðurmálskennslu tvítyngdra nemenda. Það þarf að gefa tvítyngdum nemendum tækifæri til gera verkefni á sínu móðurmáli og að slík verkefni séu sýnileg. Athuga þarf hvort til séu bækur á öðrum tungumálum (þýsku o.fl.) og að þær séu annars keyptar.

## **Lestrarhvetjandi umhverfi**

*Vegin heildareinkunn var 4 - gott*

Sterkar hliðar eru að umhverfi er alla jafna hvetjandi og kennarar leggja sig fram um að hafa verkefni sem hvetja til lestrar. Í mötuneyti eru t.d. matseðlar hengdir upp á vegg, mjólkurfernur og cheeriospakkar eru á borðum í morgunmat sem gjarnan eru með lesmáli sem geta verið hvetjandi. Mikið er gert til að hvetja og örva til lestrar s.s. fjölbreytt úrval bóka, textar á veggjum, tölvur o.s.frv. Við merkjum vel fyrir yngsta stig hluti og dagsskipan o.fl. Góð aðstaða

er í skólunum fyrir yndislesturinn, möguleikar á sófum, púðum og þess háttar. Kennarar og allt starfsfólk er mjög hvetjandi, tekur sýnilegan þátt í yndislestrarstundum, Umræður um lestur, ábendingar um skemmtilegar og eða áhugaverðar bækur eða rit eru algengar. Við lesum fyrir nemendur skemmtilegt efni. Við erum virkilega stolt af lestrarstefnunni og riti því er dreift hefur verið um allan fjörð.

Það sem helst má bæta er að við mættum gera meira af því að hengja verkefni nemenda upp á vegg, eins mætti gera ýmis konar áhugavert efni sýnilegra. Einhverjir nemendur ná ekki að eira við yndislesturinn, eru sífellt að skipta um efni og rápa, það þarf að greina hvers vegna. Hugsanlega hjálpa þeim að finna efni sem höfðar betur til þeirra, efni sem er ekki of þungt, opna á að nota hljóðbækur eða jafnvel lesa fyrir þau þangað til þau komast á flot með sína bók. Bókasafnskostur er takmarkaður enda ekki stórt safn. Athuga möguleika á millisafnalánum og rafræna skráningu safnsins. Þá var það einnig nefnt sem veik hlið að það þarf að bæta aðstöðu til að geta verið í meira næði s.s. stúka af króka og að þegar nemendur þurfa að lesa sama textann aftur og aftur og jafnvel aftur á bak og bullorð, sé hætta á að þeir verði frekar neikvæðir til lestrar.

Engar athugasemdir um matsblað komu fram né tillögur um viðbót.

## Tillögur um aðgerðir / aðgerðaáætlun

Í matsvinnunni vann hver matshópur jafnframt tillögur að þróunaráætlunum til að styðja við veika þætti í matinu og stuðla að framþróun. Hér eru niðurstöður sem komu fram. Skólinn vinnur svo eftir þessum áætlunum. Tiltekið er hvað þarf að gera, hver á að gera það, hvenær því á að vera lokið, hvað þarf til og að lokum hvernig á að meta árangurinn.

### Þróunaráætlun 2017-2018

<b>Lestur og skilningur</b>				
<b>Hvað þarf að gera?</b>	<b>Hver á að gera það?</b>	<b>Hvenær á því að vera lokið?</b>	<b>Hvað þarf til?</b>	<b>Hvernig á að meta árangurinn?</b>
Að auka fjölbreytni í ritunarverkefnum?	Íslenskukennari og aðrir kennarar			
Aðgangur að Voice Dream upplestrarforriti fyrir þá sem á þurfa að halda.	Umsjónarmenn tæknimála	Í byrjun skólaárs 2018-2019	Kaupa aðgang og setja upp á spjaldtölvum nemenda	
Alltaf má bæta aðgang að fjölbreyttu lesefni.	Allir			
Að vinna markvisst eftir aðferðum byrjendalæsis og huga jafnt að öllum þáttum þess	umsjónarkennarar í á yngsta stigi	Byrja í upphafi skólaársins og halda dampi	Gera áætlun fyrir skólaárið að hausti	Vera með gátlista eftir hverja lotu, og merkja við hvaða þætti var unnið með. Halda þessu saman
Að efla markvissa málörvun	allir kennarar	þegar kennsluáætlanir eru klárar hverju sinni	að setja inn í kennsluáætlanir hvernig málörvun er sinnt	Þróa munnleg próf fyrir alla aldurshópa
Að kenna nemendum markvisst mismunandi lestraraðferðir	lestrarkennarar	Þegar kennsluáætlanir eru klárar hverju sinni	Setja inn í kennsluáætlanir Námsefni?	Meta lestur á fjölbreyttari hátt
Að hvetja nemendur til að nýta sér hlustun	allir kennarar	Haust 2018	Láta alla hlusta á sumt námsefni, venja nemendur þannig við það	Mæla hvort nemendur nýta sér hlustun í auknum mæli þegar þeir mega velja

<b>Einstaklingsmiðun</b>				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Kennarar þurfa tíma til að sinna hverjum og einum nemanda betur.	Stjórnendur	Að hausti	Meiri undirbúnings-tími	Námsárangur nemenda og námsánægja nemenda
Tímar hjá viðeigandi sérfræðingi í einstaklingsmiðaðri námskrá.	stjórnendur/ umsjónar-kennari	eftir þörfum	aðgengi að sérfræðingum	Framfarir nemenda og líðan
Bæta húsnæðið þannig að það geti sinnt þörfum allra.	Sveitarstjórn	Haust 2020	Framkvæmdar-áætlun frá sveitarstjórn	þegar framkvæmdum er lokið og boðið verður í vöflukaffi!

<b>Samfella milli skólastiga</b>				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Byggja leikskóla við grunnskólann á Hofsósi	Sveitarstjórn	Haust 2019	Framkvæmdar-áætlun frá sveitarstjórn	þegar framkvæmdum er lokið og boðið verður í vöflukaffi!
Viðhalda lestrarstefnunni	Starfsfólk skólastiganna og læsisteymið	aldrei	Öflugt læsisteymi í Skagafirði	Námsárangur nemenda
Efla ábyrgð foreldra á að koma niðurstöðum lestrargreininga til námsráðgjafa í framhaldsskólunum.	Umsjónar-kennari á unglíngastigi í samráði við deildarstjóra sérkennslu.	Mái ár hvert	Setja inn í leyfisbréf sem foreldrar skrifa undir þegar barnið þeirra lýkur 10. bekk.	Tékklisti
Heimsókn kennara á yngsta stigi í leikskólann og kennara í leikskóla í grunnskólann.	Jóhann og Anna skipuleggja	Mái ár hvert	Samráð milli leik- og grunnskóla og afleysing fyrir kennara sem fara í heimsóknir.	Tékklisti
Búa til þjálfunaráætlanir í skólabyrjun fyrir nemendur í 1. bekk sem hafa sýnt slaka færni á einstaka þáttum í Hljóm prófinu.	Silla / Kristín / Umsjónar-kennari á Hólum	Ágúst ár hvert	Niðurstöður úr Hljóm frá leikskóla	Tékklisti

<b>Matstæki</b>				
<b>Hvað þarf að gera?</b>	<b>Hver á að gera það?</b>	<b>Hvenær á því að vera lokið?</b>	<b>Hvað þarf til?</b>	<b>Hvernig á að meta árangurinn?</b>
Að vinna markvisst með niðurstöður skimana hjá öllum nemendum, líka þeim sem eru yfir viðmiðum þannig að allir nái besta mögulega árangri	Lestrar-kennarar	Koma þessu á strax í haust	Gera áætlun og setja markmið um framfarir sem stefnt er að með öllum nemendum	skimunarprófin

<b>Samstarf við heimilin</b>				
<b>Hvað þarf að gera?</b>	<b>Hver á að gera það?</b>	<b>Hvenær á því að vera lokið?</b>	<b>Hvað þarf til?</b>	<b>Hvernig á að meta árangurinn?</b>
Upplýsa foreldra betur um ábyrgð þeirra á námi barna sinna.	Stjórnendur og umsjónar-kennarar	Það þarf að gera þetta jafnt og þétt.	samtal á milli foreldra og stjórnenda / kennara	árangur nemenda - meiri heimalestur hjá öllum.
Leggja meiri áherslu á heimalestur allra nemenda, líka unglunga og fylgja því eftir.	Umsjónar-kennarar	jafnt og þétt yfir skólaárið	samtal á milli foreldra og kennara	árangur nemenda - meiri heimalestur hjá öllum
Viðhalda lestrarstefnunni með áherslu á ábyrgð foreldra á lestrarnámi barna sinna.	Læsisteymi Skagafjarðar	2-3 á ári	Öflugt læsisteymi með fjármagn frá sveitarfélaginu	þátttöku foreldra í lestrarnámi barna sinna - meiri heimalestur.
Halda 2 fræðslufundi á skólaári fyrir foreldra um mikilvægi lestrar fyrir börnin, lestrarþjálfunar, eflingu orðaforða o.s.frv.	Silla í samstarfi við umsjónar-kennara	Mái 2019	Setja inn á skóladagatal Sækja um styrk í verkefnið	Matslistar þar sem foreldrar meta gagnsemi fræðslufundanna og hvernig þeir nýta sér fræðsluna (hægt að meta bæði strax eftir kynningu og að einhverjum tíma liðnum).
Aukin áhersla á reglulega lestrarþjálfun hjá nemendum sem standa sig vel í lestri og á unglingastigi.	Umsjónar-kennarar í samstarfi við íslenskukennara	Nóvember 2018	Vinna þetta í samstarfi við heimilin.	Með því að halda utan um skráningar á heimalestri. Skoða hvort verkefnið hafi áhrif á niðurstöður skimunarprófa í lestri.

<b><i>Tvítýngi og fjöltyngi</i></b>				
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Auka aðgengi að efni á því tungumáli sem við á varðandi tvítýngdra nemendur t.d. fyrir yndislestur.	Umsjóna- kennarar, starfsmaður bókasafns, stórnendur	Langtíma- verkefni. Huga strax að nemendum sem nú eru í skólanum (Þýska)	Fjármagn, leita til aðila, svo sem sendiráða foreldra.	Sjálfsmat
Setja upp sýnilegt efni á tungumáli tvítýngdra nemenda svo sem plaköt eða kort.	Umsjóna- og faggreina- kennarar	Vor 2019	Tengiliði t.d foreldra sendiráð, tungumálaver. o.s.frv.	Sjálfsmat.
Tvítýngdir nemendur fá að gera verkefni á sínu móðurmáli og að þau séu sýnileg.	Móðurmáls- kennari	Vorið 2019	Ráða móðurmáls- kennara	Sjálfsmat

<b><i>Lestrarhvetjandi umhverfi</i></b>				
<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Á Hólum má bæta aðstöðu til að gera notalegt næðishorn t.d. með grjónapúðum eða sófum sem eru jafnvel til á staðnum. Eins varðandi aðgengi að bókasafni.	Umsjóna- kennarar og skólaliðar / stuðnings- fulltrúar	Haust 2018	Samráðsfundur og framkvæmda- gleið.	Samtal að nemendur eiri betur við lestur.
Efla bókakost bókasafns eða kanna möguleika á millisafnamálum.	Bókavörður og stjórnendur	Langtíma- verkefni	Fjármagn og hugvit aðstöðu.	
Halda áfram að þróa skipulag yndislesturs t.d. varðandi hlustun eða upplestur.	Kennarar og stuðnings- fulltrúar	Samráð fyrir skólabyrjun og áfram í umræðum fyrir hvert skólaár.	Fundartími.	Sjálfsmat.
Auka sýnileika verkefna nemenda og vera meðvitaðri á að hafa sýnileg orð á hlutum og orðaforða í mismunandi greinum	Allir starfsmenn	Sífelld í þróun	Meðvitund, samstarf, áminningu.	Sjálfsmat.
Huga að því að nemendur með lestrarörðugleika hafi áhugavert og skemmtilegt lestrarefni, í	Sérkennari, lestrarkennarar	Vorið 2019	Kanna vilja nemenda og áhuga	Sjálfsmat

samráði við nemendur (ekki miklar endurteknir, afturábak lestur og bullorð ef þeim þykir það leiðinlegt)				
---	--	--	--	--

## Skimun

Árlega hefur auk hefðbundis mats verið unnin skimun á öllum matsþáttum þar sem hver og einn starfsmaður svarar heildarlistanum sem sett hefur verið upp í rafrænni könnun.

Þetta starfsárið vannst ekki tími til að seja upp könnunina og því eru ekki til niðurstöður eftir þetta skólaár. Tilgangur skimunar er að geta brugðist strax við þar sem matsþættir eru eðlilega ekki teknir til ígrundaðs mats nema á um það bil þriggja ára fresti, ef einhver þáttur kemur mjög illa út í skimun. Þá er möguleiki á að taka þann þátt fram fyrir til mats strax á næsta skólaári eða ef ljóst er hvar skóinn kreppir að gera úrbætur strax.

Sem fyrr segir er þessi skimun í vinnslu og því ekki framkvæmd á þessu skólaári. Unnið er að því að skimun fari fram á haustönn 2018.



## Skólapúlsinn

Á skólaárinu voru nemenda-, foreldra- starfsmannakönnun lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Ákveðið hefur verið að framvegis verði foreldra- og starfsmannakönnun lagðar fyrir annað hvert ár en nemendakönnun árlega eins og fram kemur í þriggja ára áætlun.

Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá hér.

**Nemendakönnun í okt. 2017**

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 117 grunnskólum í landinu fyrir nemendur í 6.

– 10. bekk. Um 87% allra nemenda á þessum aldri á Íslandi taka þátt í könnuninni. Í

Grunnskólanum austan Vatna var könnunin lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk í október.

Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru: *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Í úrtaki voru 31 nemandi og svarhlutfall var 100%.

Kynjahlutfall í Grunnskólanum austan Vatna var eftirfarandi: strákar 58,1% og stúlkur 41,9%.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu

nemenda í öðrum skólum á landinu. Viðmiðunartalan 5 merkir dæmigerðan nemanda á

skólaárinu 2014-2015. Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst *lítill munur*, 1,0 stig telst

*töluverður munur* og 1,5 stig telst *mikill munur*. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og

almenna umfjöllun um hvern efnisflokk:

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Virgni nemenda í skólanum</b>				
Ánægja af lestri	5,7	31	4,9	<b>0,8*</b>
Þrautseigja í námi	5,1	31	5,1	0,0
Áhugi á stærðfræði	5,6	31	5,3	0,3
Ánægja af náttúrufræði	5,3	31	5,0	0,3
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,8	31	5,0	-0,2
Trú á eigin námsgetu	5,1	31	4,9	0,2

Í flokknum *virgni nemenda í skólanum* gefa niðurstöður til kynna að Grunnskólinn austan vatna er á réttri leið því fjórir þættir af sex gefa betri niðurstöðu nú miðað við samanburð á niðurstöðum skólans frá fyrra ári. Þetta eru þættirnir *ánægja af lestri*, *þrautseigja í námi*, *áhugi á stærðfræði* og *trú á eigin námsgetu*. Einn þessara þátta mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Það er þátturinn *ánægja af lestri*, hann mælist 0,8 yfir landsmeðaltali og miðað við viðmiðunarregluna þá telst þetta næst því að vera *töluverður munur*. Þátturinn *þrautseigja í námi* mælist á pari við landsmeðaltal en mælist hærri nú miðað við niðurstöður innan skólans á milli ára. Þættirnir *áhugi á stærðfræði* og *áhugi á náttúrufræði* mælast báðir hærri en landsmeðaltal nú en í samanburði á niðurstöðum á milli ára innan skólans þá stendur *áhugi á náttúrufræði* í stað en *áhugi á stærðfræði* mælist örlítið hærri. Þátturinn *trú á eigin vinnubrögðum í námi* mælist örlítið lægri en landsmeðaltalið og mælist jafnframt örlítið lægri

á milli ára innan skólans. Þátturinn *trú á eigin námsgetu* mælist bæði örlítið yfir landsmeðaltali og örlítið hærrí en niðurstöður skólans frá fyrra ári.

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Líðan og heilsa</b>				
Sjálfsálit	5,2	31	5,0	0,2
Stjórn á eigin lífi	4,9	31	4,8	0,1
Vellíðan	5,1	31	4,9	0,2
Einelti	5,2	31	5,2	0,0
Tíðni eineltis (%)	16,1%	5/31	13,3%	2,8%
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar (%)	36,7%	11/30	41,7%	-5,0%
Hollt mataræði	4,5	31	4,8	-0,3

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast engir þættir marktækt undir eða yfir landsmeðaltali í ár. Þátturinn *sjálfsálit* mælist örlítið hærrí en viðmiðunarskólarnir en stendur í stað miðað við niðurstöður innan skólans frá í fyrra. Þættirnir *stjórn á eigin lífi* og *vellíðan* mælast örlítið yfir landsmeðaltali en mælast báðir örlítið lægri nú miðað við niðurstöður innan skólans á milli ára.

Svörun um *einelti* mælist við landsmeðaltal. *Tíðni eineltis* mælist 16,1% sem er 2,8% herra en landsmeðaltalið. Fimm nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv.

Skólapúlsinum þar af einn einu sinni á sl. 30 dögum. Skilgreining á einelti skv.

Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Samkvæmt Olweusaráætluninni væri skilgreining á niðurstöðu Skólapúlsins því sú að fjórir nemendur hafi verið lagðir í einelti. Nemendur Grunnskólans austan vatna *hreyfa* sig sjaldnar en jafnaldrar á landsvísu og er munurinn þar um 5,0%. Mælingar varðandi *hollt mataræði* og neysluvenjur nemenda hafa farið töluvert upp á við frá fyrra ári innan skólans úr 3,9 stigum í 4,5 en sá þáttur mælist engu að síður aðeins undir landsmeðaltali.

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Skóla- og bekkjarandi</b>				

Samsömun við nemendahóp	5,2	31	5,0	0,2
Samband nemenda við kennara	5,2	31	5,1	0,1
Agi í tímum	6,3	31	5,0	1,3*
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,6	31	5,1	0,5
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,9	31	4,8	0,1

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælast allir þættir yfir landsmeðaltali. Einn þátturinn mælist marktækt yfir landsmeðaltali en það er *agi í tímum*. Sá þáttur mælist 1,3 stigi yfir landsmeðaltali og skv. viðmiðunarreglum telst þetta næst því að vera *mikill munur* á svörun á milli nemenda í Grunnskólanum austan Vatna og nemenda í viðmiðunarskólunum. Jafnframt tekur þessi þáttur stökk á milli ára innan skólans þ.e. úr 5,8 stigum í 6,3 og hefur verið stígandi í jákvæðri niðurstöðu úr þessum þætti yfir þriggja ára tímabil eða allt frá því að skólinn hóf að leggja nemendakönnun Skólapúlsins fyrir. Þættirnir *samsömun við nemendahópinn* og *samband nemenda við kennara* mælast báðir hærri en landsmeðaltal en hafa farið örlítið niður á við í mælingum innan skólans á milli ára. Þátturinn *virkt þátttaka nemenda í tímum* mælist nú örlítið hærri en landsmeðaltal en hefur engu að síður dregið úr þeirri virkni miðað við niðurstöður skólans á milli ára. Viðhorf nemenda til *mikilvægi heimavinnu í náminu* mælist herra hjá nemendum í Grunnskólanum austan Vatna miðað við viðmiðunarskólana en hefur þrátt fyrir það farið niður á við á milli skólaára úr 5,6 stigum í 4,9.

### Foreldrakönnun febrúar 2018

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr 45 skólum á landsvísu sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Grunnskólanum austan Vatna var 83,8% eða samtals 31 foreldri/forsjáraðilar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokkar þeir eru *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum en í heild eru þeir 40 talsins.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
Nám og kennsla				

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,6	31	5,0	-0,4
Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%)	73,3%	22/30	89,9%	<b>-16,6%*</b>
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%)	87,1%	27/31	83,8%	3,3%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%)	63,0%	17/27	72,0%	-9,0%

Í flokknum *nám og kennsla* mælist þátturinn *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* undir landsmeðaltali og hefur farið örlítið niður á við miðað við niðurstöður síðustu tveggja mælinga. *Ánægja foreldra með stjórnun skólans* mælist marktækt undir landsmeðaltali og munar þar rúmum 16% miðað við viðmiðunarskólana. *Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra* mælist 3,3% yfir landsmeðaltali. *Hæfilegur agi í skólanum* að mati foreldra mælist undir landsmeðaltali og hefur farið töluvert niður á við í samanburði við niðurstöður skólans frá í síðustu foreldrakönnun (2016) eða um rúm 20%.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
<b>Velferð nemenda</b>				
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,2	30	4,8	0,4
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (%)	96,6%	28/29	87,2%	9,4%
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%)	90,3%	28/31	91,7%	-1,4%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt (%)	90,3%	28/31	91,3%	-0,1%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%)	93,5%	29/31	89,9%	3,6%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%)	10,3%	3/29	9,4%	0,9%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	40,0%	2/5	53,4%	-13,4%
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	20,0%	1/5	52,5%	-32,5%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%)	70,0%	14/20	74,2%	-4,2%
Meðaltímabil eineltis (ár)	1,1	5	1,4	-0,3
Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	5	-	-

Í flokknum *velferð nemenda* mælast einstaka þættir hvorki marktækt hærrí né marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur* og *ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda* mælist yfir landsmeðaltali. Þrír þættir í könnuninni mæla líðan nemenda að mati foreldra. Tveir þeirra mælast örlítið undir landsmeðaltali en 90,3% foreldra segja að börnum þeirra líði ýmist *mjög vel* eða *frekar vel* í skólanum almennt eða í kennslustundum. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra mælist

hins vegar örlítið yfir landsmeðaltali eða sem nemur um 3%, en 93,5% foreldra segja börnum þeirra líði ýmist *mjög vel* eða *frekar vel* í frímínútum. Mælingar varðandi líðan nemenda hafa farið örlítið lækkandi innan skólans frá síðastu mælingu Skólapúlsins árið 2016. Þrír foreldrar/forsjáraðilar segja að börn þeirra hafi orðið fyrir einelti á yfirstandandi skólaári. *Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum og ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum* mælist lægri en í viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans* mælist lægri en í viðmiðunarskólunum en í samanburði á milli ára innan skólans á þessum þætti hefur dregið úr ánægju foreldra sem samsvarar 18%.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
<b>Aðstaða og þjónusta</b>				
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,2	30	5,2	-1,0*
Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	4,9	23	4,9	0,0
Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili (%)	74,2%	23/31	58,7%	15,5%
Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	8	-	-
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%)	64,3%	18/28	73,3%	-9,0%
Notkun á mötuneyti (%)	93,5%	29/31	88,9%	4,6%

Í flokknum *aðstaða og þjónusta* kemur fram í svörum foreldra að marktækt færri eru ánægðir með aðstöðu í skólanum miðað við viðmiðunarskólana. *Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu* mælist á pari við landsmeðaltal. Hlutfall nemenda sem nýta tómsundaþjónustu/frístundaheimili er herra en í viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneytinu* mælist minni en í viðmiðunarskólunum eða sem nemur um 9%.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
<b>Foreldrasamstarf</b>				
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	6,0	28	5,0	1,0*
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%)	55,2%	16/29	58,5%	-3,3%
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	52,0%	13/25	61,5%	-9,5%
Þættir í skólalastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	20	-	-
Þættir í skólalastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	17	-	-

Ánægja með síðasta foreldraviðtal (%)	90,3%	28/31	93,7%	-3,4%
Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	31	-	-
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemanda (%)	48,3%	14/29	55,1%	-6,8%
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (%)	89,7%	26/29	85,2%	4,5%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%)	58,6%	17/29	79,0%	<b>-20,4%*</b>
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	69,0%	20/29	71,6%	-2,6%

Í flokknum *foreldrasamstarf* segja foreldrar/forsjáraðilar í Grunnskólanum austan vatna að *frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi* að mati foreldra/forsjáraðila mælist marktækt yfir landsmeðaltali en sá þáttur hefur farið stighækkandi í mælingum innan skólans á milli skólaára. Örlítið færri foreldrar telja að þeir hafi áhrif á *ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi nemendur* miðað við viðmiðunarskólana og færri vitna um að *leitað sé eftir tillögum frá þeim og að ábendingar frá þeim séu teknar til greina. Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal* mælist örlítið undir landsmeðaltali. *Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum* mælist minni en í viðmiðunarskólunum. Niðurstöður gefa til kynna að um 90% foreldra/forsjáraðila telji það *mjög eða frekar mikilvægt að gera námsáætlun með barni sínu*. Foreldrar skólans virðast nú betur *upplýstir um stefnu skólans og námskrá* miðað við árin á undan þrátt fyrir að sá þáttur mælist nú örlítið undir landsmeðaltali miðað við viðmiðunarskólana. *Ánægja foreldra með heimasíðu skólans* mælist marktækt undir landsmeðaltali eða sem nemur rúmum 20%.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
<b>Heimastuðningur</b>				
Virkni foreldra í námi barna sinna	4,9	31	5,0	-0,1
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	5,0	30	4,7	0,3
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,6	29	4,5	0,1
Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%)	80,0%	24/30	73,5%	6,5%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, +15 mín (%)	54,8%	17/31	54,6%	0,2%
Væntingar foreldra um háskólanám	72,0%	18/25	73,6%	-1,6%
Væntingar foreldra um iðnám	16,0%	4/25	12,2%	3,8%

Foreldrar/forsjáraðilar í Grunnskólanum austan Vatna telja sig vera minna *virkir í námi barna sinna* miðað við viðmiðunarskólana. Þættirnir *trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið* og *vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu* mælast örlítið hærrí en í viðmiðunarskólunum. Fleiri foreldrar/forsjáraðilar meta *heimavinnu hæfilega* miðað við foreldra í viðmiðunarskólunum og foreldrar verja örlítið meiri tíma til að *aðstoða börn sín við heimanám* skv. könnuninni. Um 72% foreldra hafa væntingar um að börn þeirra ljúki háskólanámi, það eru örlítið færri en í viðmiðunarskólunum. Um 16% foreldra hafa væntingar um að börn þeirra ljúki iðnámi og eru það örlítið fleiri en mælingar á væntingum foreldra í viðmiðunarskólunum.

### Könnun meðal starfsfólks mars 2018

Viðmiðunarhópur þessarar könnunar samanstóð af svörum starfsmanna úr 42 grunnskólum og var könnunin lögð fyrir í mars 2018. Svarhlutfall starfsmanna í Grunnskólanum austan Vatna var 91,7% en alls svöruðu 22 starfsmenn könnuninni. Könnunin mælir ellefu almenna þætti þar sem allt starfsfólk svarar *almennum spurningum um skólastarf* og spurningum sem snúa að *viðhorfi þeirra til skólans*. Auk þeirra eru kennarar beðnir um að svara spurningum um 31 aðra þætti sem snúa að *kennarastarfinu, starfsumhverfi kennara, mati og endurgjöf og sýmenntun kennara*. Hver efnisflokkur skiptist svo niður í mismarga matsþætti.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Allir starfsmenn - Almenn</b>				
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (%)	59,2%	13/22	67,8%	-8,7%
Gagnsemi starfsmannaviðtals (%)	92,3%	12/13	83,2%	9,1%
Tíðni áreitni meðal starfsfólks (%)	22,7%	5/22	19,2%	3,5%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks (%)	13,6%	3/22	9,6%	4,0%

Örlítið færri starfsmenn hafa farið í *starfsmannaviðtöl undanfarið ár* miðað við viðmiðunarskólana en *gagnsemi* þeirra mælist meiri í Grunnskólanum austan Vatna að mati starfsfólks. *Tíðni áreitni og eineltis* meðal starfsfólks mælist hærrí nú en hjá viðmiðunarskólunum.



	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans</b>				
Starfsánægja í skólanum	4,6	22	5,1	-0,5
Starfsandi innan skólans	5,7	22	5,0	0,7
Stjórnun skólans	5,4	22	4,9	0,5
Upplýsingastreymi innan skólans	5,1	22	4,7	0,4
Starfsumhverfi í skólanum	4,9	22	4,7	0,2

Í flokknum *viðhorf til skólans* mælist *starfsánægja í skólanum* örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum og hefur jafnframt farið niður á við miðað við síðustu mælingu Skólapúlsins sem gerð var í skólanum 2016. Á sama tíma mælast þættirnir *starfsandi innan skólans* og *stjórnun skólans* örlítið yfir landsmeðaltali og þróun síðustu ára innan skólans sýnir að þeir þættir hafa farið upp á við á milli mælinga. Þættirnir *upplýsingastreymi innan skólans* og *starfsumhverfi í skólanum* mælast aðeins hærri en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist þó ekki.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Kennarar - Kennarastarfið</b>				
Ánægja með kennarastarfið	5,1	9	4,7	0,4
Trú kennara skólans á eigin getu	3,6	9	4,8	-1,2*
Upplýsingamiðlun til foreldra	4,6	9	5,0	-0,4
Áætlaður tími í heimavinnu nemenda á viku ( <b>mín</b> )	45,0 mín	8	43,2 mín	1,8 mín
Undirbúningur kennslu í skólanum (%)	60,0%	6/10	65,3%	-5,3%
Öllum bekknum kennt í einu (%)	10,0%	1/10	49,5%	-39,5*%
Hópvænna í bekk (%)	10,0%	1/10	32,4%	-22,4%
Einstaklingsvinna í bekk (%)	20,0%	2/10	37,1%	-17,1%
Einstaklingsmiðuð kennsla	50,0%	5/10	50,1%	-0,1%
Áhersla kennara á námsmat með prófum (%)	30,0%	3/10	17,4%	12,6%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)%	70,0%	7/10	77,0%	-7,0%

Hér svara eingöngu kennarar en *ánægja með starfið* mælist örlítið hærrí en í viðmiðunarskólunum en *trú kennara á eigin getu* mælist marktækt lægri. *Upplýsingamiðlun* til foreldra mælist minni en í viðmiðunarskólunum að mati kennara en hefur engu að síður eflst miðað við síðustu mælingu. Örlítið lengri tíma er varið í *heimavinnu nemenda* en í viðmiðunarskólunum. Tíma sem varið er í *undirbúning undir kennslu* í skólanum mælist rúmum 5% minni í Grunnskólanum austan Vatna en í viðmiðunarskólunum en hefur haldist stöðugur á milli ára innan skólans. Marktækur munur mælist varðandi þáttinn *öllum bekknum kennt í einu* en sá munur stafar af aðstæðum í skólanum sem byggir að mestu á samkennslu árganga. Samkvæmt niðurstöðum er lögð meiri áhersla á *námsmat með prófum* heldur en *annars konar námsmat* miðað við viðmiðunarskólana.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Kennarar - Starfsumhverfi kennara</b>				
Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika	6,1	9	4,8	1,3*
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda	6,7	9	4,8	1,9*
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,7	9	5,0	0,7
Samráð um kennslu	3,8	9	5,0	-1,2*
Samvinna um kennslu	5,5	9	5,2	0,3*
Valldreifing við ákvarðanatöku	6,2	9	4,7	1,5*
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,3	9	4,7	0,6
Vinnuaðstæður kennara	4,9	9	5,1	-0,2

Í floknum starfsumhverfi kennara mælast fjórir af átta matsþáttum marktækt hærrí en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir *stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika*, *stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda*, *samvinna um kennslu og valldreifing við ákvarðanatöku*. Einn þáttur mælist marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum en það er þátturinn *samráð um kennslu*, engu að síður hefur sá þáttur tekið stökk upp á við þegar mælingar innan skólans eru skoðaðar á milli síðustu tveggja mælinga Skólapúlsins. Þættirnir *faglegur stuðningur skólastjóra við kennara* og *virk samvinna um skólaþróun og umbætur* mælast hærrí en í viðmiðunarskólunum og hafa báðir þættirnir tekið stökk upp á við í mælingum Skólapúlsins innan skólans. Þátturinn *vinnuaðstæður kennara* mælist örlítið undir landsmeðaltali og hefur jafnframt farið niður á við í mælingum Skólapúlsins innan skólans.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Kennarar - Mat og endurgjöf</b>				
Umfang mats og endurgjafar (%)	66,7%	6/9	67,4%	-0,7%
Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara (%)	33,3%	3/9	54,8%	-21,5%
Sanngirni mats og endurgjafar (%)	100,0%	7	91,6%	8,4%
Gagnsemi mats og endurgjafar (%)	100,0%	7	88,1%	11,9%
Nýting á niðurstöðum kennaramats	5,0	4	4,6	0,4

Í flokknum *mat og endurgjöf* mælast tveir þættir lægri en í viðmiðunarskólunum og þrír þættir yfir landsmeðaltali. Samanburður á milli ára innan skólans gefur til kynna að *umfang mats og endurgjafar* hefur aukist. Þátturinn um *gagnsemi mats og endurgjafar* hefur aukist úr 83,3% í 100,0%. Í þættinum um *sanngirni mats og endurgjafar* hefur svörun nokkuð staðið í stað á milli mælinga. Þátturinn *nýting á niðurstöðum kennaramats* mælist hærra en hjá viðmiðunarskólunum og hefur tekið stökk upp á við frá síðustu mælingum.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Kennarar - Símenntun kennara</b>				
Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár (dagar)	22,2 %	2/9	50,1%	-27,9%
Símenntunarþörf kennara	6,2	9	5,4	0,8
Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mán. (%)	66,7 %	6/9	52,5%	14,2%
Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-
Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni s. 12 mán.	-	9	-	-

Miðað við niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins kemur fram að kennarar í Grunnskólanum austan Vatna nýta færri daga til *endurmenntunar* á ársgrundvelli miðað við viðmiðunarskólana. Hlutfall kennara sem hefðu hins vegar viljað meiri *símenntun* undanfarna 18 mánuði skv. niðurstöðum mælist hærra en í viðmiðunarskólunum.

Tveir þættir skera sig sérstaklega úr í þessum þremur könnunum sem sérstaklega er vert að skoða náið í sjálfsmati á næsta skólaári og verða sérstaklega teknir til skoðunar og úrbóta. Það eru þættir úr niðurstöðum foreldrakönnunar annarsvegar stjórnun skólans og hins vegar ánægja foreldra með heimasíðu skólans.

## Viðauki

### ***Yfirlit yfir viðauka:***

Viðauki I - Einkunnaskali, ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?***

Viðauki II - Matsblað: Lestur og skilningur

Viðauki III - Matsblað: Einstaklingsmiðun

Viðauki IV - Matsblað: Samfella á milli skólastiga

Viðauki V - Matsblað: Matstæki

Viðauki VI - Matsblað: Samstarf við heimilin

Viðauki VII - Matsblað: Tvítyngi og fjöltyngi

Viðauki VIII - Matsblað: Lestrarhvetjani umhverfi

Viðauki IX - Form fyrir þróunaráætlun

**Viðauki I, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?****Sex stiga skalinn**

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

<b>Framúrskarandi</b>	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
<b>Mjög gott</b>	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
<b>Gott</b>	Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
<b>Fullnægjandi</b>	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.

<b>Slakt</b>	Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.
<b>Ófullnægjandi</b>	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.

**Viðauki II - Matsblað: Lestur og skilningur****Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð****✓ Lestur og skilningur**

		<b>Okkar mat:</b>					
		1	2	3	4	5	6
A	Í okkar skóla leggjum við áherslu á eflingu lestrar með því að setja fram skýr markmið um kennslu, leiðir og árangur						
B	Sýn okkar er sú að lestur sé lykill að þekkingu og öllu námi						
C	Við leggjum áherslu á að vinna með ritmálið á fjölbreyttan hátt						
D	Við styðjum við og eflum börn í að byggja upp þekkingu og færni í notkun málsins. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði <i>Markvissrar málörvunar</i>						
E	Við vinnum með hlustun, tal og ritun sem eina heild þar sem lögð er áhersla á hljóðavitund, orðaforðavinnu og sýnileika bókstafa og orða ásamt öðrum þáttum sem fléttast inn í ferlið, svo sem stafsetningu, málfræði og skrift						
F	Allir starfsmenn í okkar skóla leggja áherslu á að auka lesskilning, orðaförða og málskilning markvisst í öllu starfi og námsgreinum með börnunum						
G	Við notum byrjendalæsi sem kennsluáferð í lestri á yngsta stigi grunnskólans						
H	Við vinnum jöfnum höndum með merkingu máls og tæknilega þætti lestrar						
I	Við leggjum áherslu á að efla sjálfsmynd barna og skapa jákvæða upplifun af lestri, ritun og tjáningu						
J	Við vinnum með fjölbreyttar tegundir texta og vinnum markvisst með þá í námi og kennslu (dæmi: söngvar, ljóð, skáldsögur, þjóðsögur, fræðitextar, leiðbeiningar og fl.)						
K	Við leggjum áherslu á að nemendur læri að njóta lestrar og fái tækifæri til yndislesturs í skólanum						
L	Við leggjum áherslu á að nemendur þekki mismunandi aðferðir við lestur						



M	Við leggjum áherslu á að nemendur geti lesið texta á skilvirknan og öruggan hátt (lestrarhraði t.d.)						
N	Við leggjum markvisst áherslu á að nemendur með lestrarerfiðleika nýti sér hlustun bæði til náms og yndislesturs						

**Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

*Það sem þarf að bæta:*

*Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:*

			1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:								

*Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:*

*Þátttakendur í mati:*

**Viðauki III - Matsblað: Einstaklingsmiðun****Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð**✓ **Einstaklingsmiðun****Okkar mat:**

		1	2	3	4	5	6
A	Við gætum þess að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga hvers barns						
B	Við störfum eftir hugmyndafræðinni <i>skóli án aðgreiningar</i> og leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám						
C	Þegar grunur vaknar um mál- eða lestrarerfiðleika bregðast kennarar strax við og leita ráðgjafar hjá viðeigandi aðilum						
D	Við leggjum áherslu á að koma í veg fyrir að áhættuþættir þróist út í alvarlegri vanda						
E	Við vinnum eftir einstaklingsnámskrám í lestri þar sem þörf er á. Markmið, kennsla, þjálfun, eftirfylgni og mat eru skilgreind með skýrum hætti í einstaklingsnámskrám						
G	Við notum námsmat og skimanir til að meta framfarir hjá hverju barni og til að sjá hvar það er stöð í námi miðað við jafnaldra						
H	Við leggjum áherslu á að efla og byggja á styrkleikum hvers barns						

**Matssamantekt:*****Sterku hliðarnar okkar:******Það sem þarf að bæta:******Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:******Þátttakendur í mati:***

**Viðauki IV - Matsblað: Samfella á milli skólastiga****Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð****✓ Samfella á milli skólastiga****Okkar mat:**

		1	2	3	4	5	6
A	Við gætum þess að samfella sé í lestrarnámi á milli skólastiga og skólagerða						
B	Við gætum þess að lestrarnám hvers barns byggist á fyrri reynslu barnsins og myndi samfellda heild						
C	Kennarar starfa saman að og miðla upplýsingum um þekkingu og færni barna í lestri á milli skólastiga/skólagerða eftir því sem við á, í samstarfi og/eða með samþykki foreldra/forsjáraðila						
D	Niðurstöðum skimunarprófsins „Leið til læsis“ sem lagt er fyrir að hausti í 1. bekk er skilað til leikskóla og umbótaáætlun unnin í kjölfarið í leikskólanum						
E	Niðurstöðum skimunarprófsins „Hljóm-2“ sem lagt er fyrir fimm ára börn að hausti er skilað til grunnskóla að vori og þær nýttar við einstaklingsmiðun náms						
F	Við byggjum brýr á milli skólastiga m.a. með gagnkvæmum heimsóknnum kennara og nemenda, viðeigandi upplýsingaflæði og samstarfi						

**Matssamantekt:*****Sterku hliðarnar okkar:******Það sem þarf að bæta:******Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:******Þátttakendur í mati:***

**Viðauki V - Matsblað: Matstæki****Gæðagreininir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð****✓ Matstæki**

		<b>Okkar mat:</b>					
		1	2	3	4	5	6
A	Við notum niðurstöður skimana á málþroska og lestri markvisst í þeim tilgangi að finna nemendur sem líklegir eru til að eiga í lestrarerfiðleikum						
B	Við beitum snemmtækri íhlutun þar sem við á til að koma í veg fyrir að áhættuþættir fyrir lestrarerfiðleika þróist út í raunverulega erfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun er menntunarfræðileg meðferð, stuðningur og þjónusta sem veitt er börnum undir átta ára aldri						
C	Við nýtum niðurstöður skimana til grundvallar lestrarkennslu						
D	Við nýtum niðurstöður skimana við gerð einstaklingsnámskráa fyrir alla nemendur sem reynast undir viðmiðum í þeim skimunum sem lagðar eru fyrir						
E	Við fylgjum áætlun um fyrirlögn skimana skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar						

**Matssamantekt:*****Sterku hliðarnar okkar:******Það sem þarf að bæta:******Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:******Þátttakendur í mati:***

**Viðauki VI - Matsblað: Samstarf við heimilin****Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð****✓ Samstarf við heimilin****Okkar mat:**

		1	2	3	4	5	6
A	Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að foreldrar/forsjáraðilar taki virkan þátt í málörvun og þróun læsis barna sinna						
B	Við hvetjum foreldra/forsjáraðila til að lesa reglulega fyrir börn sín því þannig leggja þeir sitt af mörkum til eflingar orðaforða og málþroska barna sinna						
C	Við öflum upplýsinga frá foreldrum/forsjáraðilum sem skipt gætu máli varðandi læsisþróun, málþroska og lestrarnám barna þeirra						
D	Við leggjum áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um hvaða leiðir er hægt að fara til að örva málþroska barna og hvað gert er varðandi lestrarþjálfun í skólanum						
E	Við leggjum áherslu á heimalestur nemenda						
F	Við leggjum áherslu á mikilvægi þátttöku og ábyrgðar foreldra/forsjáraðila í lestrarnámi						
G	Við upplýsum foreldra/forsjáraðila reglubundið um framvindu lestrarnáms barna þeirra og málþroska						

**Matssamantekt:*****Sterku hliðarnar okkar:******Það sem þarf að bæta:******Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:******Þátttakendur í mati:***

**Viðauki VII - Matsblað: Tvítyngi og fjöltyngi****Gæðagreininir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð****✓ Tvítyngi og fjöltyngi****Okkar mat:**

		1	2	3	4	5	6
A	Við styðjum við færni nemenda í móðurmálum þeirra						
B	Við óskum eftir því að foreldrar/forsjáraðilar styðji við íslenskunám barna sinna og sjái jafnframt til þess að þau fái tækifæri til þess að þróa og rækta móðurmál sitt						
C	Við gerum foreldrum/forsjáraðilum kleift að taka virkan þátt og fylgjast með lestrarkennslu og lestrarnámi barna sinna						
D	Þegar verkefni, skimanir og próf tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda, sem varða málþroska, lestur og ritun eru metin er horft til þess að þau viðmið um árangur sem notuð eru miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál						
E	Leitað er eftir upplýsingum frá foreldrum um málþroska tvítyngdra og fjöltyngdra barna út frá þeim tungumálum sem barnið notar						
F	Við búum til einstaklingsnámskrár í málörvun, lestrar- og íslenskunámi fyrir tvítyngd og fjöltyngd börn þar sem það á við						
G	Við greiðum aðgengi tvítyngdra og fjöltyngdra barna að bókum og öðru efni á móðurmáli þeirra						
H	Við leggjum áherslu á að virðing sé borin fyrir móðurmáli nemenda á sýnilegan hátt í skólanum						
I	Við leggjum áherslu á og nýtum fjölbreytta kennsluhætti og leiðir til að barnið öðlist færni í íslensku						

**Matssamantekt:*****Sterku hliðarnar okkar:******Það sem þarf að bæta:******Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

*Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:*

*Þátttakendur í mati:*

**Viðauki VIII - Matsblað: Lestrarhvetjani umhverfi****Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð****✓ Lestrarhvetjandi umhverfi**

		Okkar mat:					
		1	2	3	4	5	6
A	Við sköpum lestrarhvetjandi, málaúðugt umhverfi sem kveikir áhuga og forvitni barna og hvetur þau jafnframt til rannsókna og athugana						
B	Við höfum góða aðstöðu til að njóta lestrar í næði						
C	Við höfum fjölbreytt, aðgengilegt, aldursvarandi lesefni fyrir börn til að lesa sér til ánægju og yndisauka (s.s. bækur, rafrænt efni, tímarit, bæklinga, símaskrá, matreiðslubækur, veggspjöld, minnismiða, skilaboð, umbúðir, vörumerki og fl.)						
D	Við merkjum hluti með orðum og setningum og leggjum áherslu á að nemendur læri að tákni hafi merkingu.						
E	Við leggjum áherslu á að dagsskipulag, reglur og fleira sé sýnilegt fyrir alla						
F	Við erum góðar fyrirmyndir í lestri og hvetjum til jákvæðs viðhorfs til lestrar						
G	Við búum yfir ríkum aldursvarandi efnivið og leikjum til örvunar máls og lestrar (s.s. bókstafir í ýmsum gerðum, leikir og spil með bókstöfum, orðmyndum og setningum, gott aðgengi að gagnvirkum æfingum og leikjum sem nota má til mál- og lestrarörvunar)						

**Matssamantekt:*****Sterku hliðarnar okkar:******Það sem þarf að bæta:******Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:******Þátttakendur í mati:***





**Viðauki IX - Form fyrir þróunaráætlun**

Gæðagreinir nr.
-----------------

**Þróunaráætlun 2017-2018**

<i>Markmið:</i>	<i>Hvernig vitum við að því er náð?</i>	<i>Yfirumsjón</i>
-----------------	---	-------------------

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvencær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>